



Greinargerð með fjárhagsáætlun 2019-2022

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar
11. desember 2018



Inngangur

Forsendur áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Akureyrarkaupstaðar fyrir árið 2019 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2020–2022 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta.

A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóðum. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í Eignasjóði gatna, Fasteignum Akureyrarbæjar og Framkvæmdamiðstöð er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna, gatna og hirðingu bjarlandsins. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana.

Til **B-hluta** teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármögnuð eru með þjónustutekjum, en þau eru m.a. Félagslegar íbúðir, Bifreiðastæðasjóður, Strætisvagnar Akureyrar, Hafnasamlag Norðurlands, Norðurorka og Öldrunarheimilin.

Greinargerð með fjárhagsáætlun er birt með fyrirvara um villur sem í henni kunna að leynast

Markmið áætlunar

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar er rammafjárhagsáætlun.

Markmið rammafjárhagsáætlunar eru:



Að áætlun um rekstrarútgjöld bæjarins grundvallist á fyrirsjáanlegum tekjum



Að ábyrgð og ákvarðanir séu eins nálægt notendum þjónustu og við verður komið



Að ábyrgðarmörk séu skýr



Að sviðsstjórar og fagrað hafi athafnafrelsi í rekstri málaflokka



Að forstöðumenn hafi athafnafrelsi í rekstri stofnana



Vinnuferli fjárhagsáætlunar

Hlutverk í áætlunarferli

- **Sviðsstjóri fjársýslusviðs** áætlar ráðstöfunarfé bæjarins næsta árs.
- **Bæjarstjóri** og **formaður bæjarráðs** leggja fram tillögu í bæjarráði að skiptingu ráðstöfunarfjár næsta árs milli rekstrar og fjárfestinga og rekstrarfjársins niður í fjárhagsramma til einstakra málaflokka auk ramma til ófyrirséðra útgjalda. Skiptingin ræðst af áætluðu ráðstöfunarfé, útgjaldapróun undanfarinna ára, fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, þriggja ára áætlun og af stefnumótun bæjarstjórnar og áherslum.
- **Bæjarráð** samþykkir skiptingu ráðstöfunarfjár og vísar henni til fjárhagsáætlanagerðar.
- **Fagráð** gerir starfsáætlanir fyrir sína málaflokka og leggur fyrir bæjarráð. Starfsáætlanir fagraða skulu byggja á samstarfssamningi meirihluta. Fagráð gerir starfsáætlun um rekstur málaflokks innan þess ramma sem honum er úthlutað. Starfsáætlun er útfærsla á því hvernig rekstri málaflokksins verði fyrir komið innan rammans. Jafnframt starfsáætlun leggur sviðsstjóri fram yfirlit til fjársýslusviðs yfir skiptingu rekstrarkostnaðar á einstakar kostnaðarstöðvar og rekstrarliði (yfirlíði).
- **Sviðsstjórar** í samráði við **fagráð** skipta fjárhagsrömmum niður á stofnanir. Breytingar á gjaldskrár þurfa samþykki **bæjarráðs** og breytingar á þjónustustigi, sem hafa ekki komið fram í staðfestri starfsáætlun, þurfa samþykki fagraðs.
- **Bæjarráð** fjallar um starfsáætlanir fagraða í einstökum málaflokkum og þær breytingar á starfsemi sem í þeim felast. Það getur óskað eftir að starfsáætlun sé endurunnin eða gert tillögu að breytttri fjárveitingu.
- **Sviðsstjóri fjársýslusviðs** leggur fram, að jafnaði mánaðarlega, í bæjarráði rekstraryfirlit málaflokka og stofnana.
- **Sviðsstjórar** gefa bæjarráði umsögn um starfsáætlanir og rekstrarstöðu í sínum málaflokkum gefi staða málaflokka tilefni til þess. Séu umtalsverð frávik frá fjárhagsramma og starfsáætlun leggja þeir fram skriflegar skýringar fyrir bæjarráð ásamt tillögum um viðbrögð.



Inngangur

Forsendur áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir

Forsendur áætlunar

Efnahagsumhverfi

Forsendur fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar 2019 byggir á þjóðhagspá Hagstofu Íslands, spá bankanna sem og spá Seðlabankans. Þriggja ára áætlun 2020-2022 er á föstu verðlagi.



Spá Hagstofu gerir ráð fyrir 2,5% hagvexti árið 2019 og á bilinu 2,4-2,7% á árunum 2020-2024.



Mikil óvissa ríkir um launapróun næstu ára og veltur hún á niðurstöðum komandi kjarasamninga, sem lausir eru í lok árs 2018 og byrjun árs 2019.




Gert er ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2019 verði 3,6%.



Þann 1. janúar 2018 voru bæjarbúar 18.787. Íbúum hefur að meðaltali fjölgað um 0,78% á ári frá árinu 2008 og áætlað er að íbúum muni fjölga um 1,1%, eða um 200 manns á ári út áætlunartímabilið.

Íbúafjöldi á Akureyri (þús. íbúar)



Heimild: Hagstofa Íslands, forsendur fjárhagsáætlunar



Forsendur áætlunar

Þróun

Kjarnafjölskyldur Akureyrarbæjar

- Kjarnafjölskyldumynstur hefur breyst frá aldamótum 2000. Einstaklingar eru nú 53,3% af kjarnafjölskyldum samanborið við 49% um aldamótin. Hjónaböndum og sambúðum með börn hefur hlutfallslega fækkað. Kjarnafjölskyldur eru nú 10.051 samanborið við 7.644 árið 2000.

Kjarna- fjölskyldur alls	Einstakl- ingar	Hjónaband án barna	Hjónaband með börnum	Óvígð sambúð án barna	Óvígð sambúð með börnum	Karl með börn	Kona með börn	Fjöldi:
Árið 2018	5.361 53,3%	1.880 18,7%	1.295 12,9%	233 2,3%	618 6,1%	66 0,7%	598 5,9%	10.051
Árið 2000	3.729 48,8%	1.371 17,9%	1.231 16,1%	226 3,0%	585 7,7%	35 0,5%	467 6,1%	7.644

Íbúafjölgun

- Fæðingartíðni hefur lækkað á síðastliðnum árum og dánartíðni hækkað. Meðalfjölgun íbúa á tímabilinu 2001-2010 var 234 íbúar á ári samanborið við 153 íbúa að meðaltali á árunum 2011-2017.

Akureyri	1991-2000 Meðaltal	2001-2010 Meðaltal	2011-2017 Meðaltal
Fæddir	255	261	232
Dánir	99	106	130
Mismunur	156	154	102

Forsendur áætlunar

Tekjur

Útsvarstekjur

- Útsvarsprósenta Akureyrarbæjar hefur verið 14,52% á árunum 2014-2018. Fjárhagsáætlun 2019 gerir ráð fyrir óbreyttri útsvarsprósentu á áætlunartímabilinu.

Framlög jöfnunarsjóðs

- Akureyrarbær fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fasteignagjalda, grunnskóla, þjónustu við fatlaða, nýbúafræðslu og fl.
- Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs hækki um 11% árið 2019 eða úr 3.240 m.kr. í 3.602 m.kr.

Aðrar tekjur

- Almennt var gert ráð fyrir 3% hækkun sértekna, t.d. leikskólagjöld, aðgangseyrir í sund og Hlíðarfjall, heimsendar máltíðir og fl., á milli ára þegar rammi var gefinn út. Misjafnt er hvort breytingar verða á gjaldskrá einstakra liða þar sem sumstaðar er engin breyting en annars staðar er hófleg hækkun eða um 2%-3% á milli ára






Forsendur áætlunar

Tekjur

Fasteignaskattur, lóðaleiga o.fl 2019

- Fasteignaskattur sem hlutfall af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði **lækkar úr 0,35% í 0,33% og af öðru húsnæði í C flokki úr 1,65% í 1,63%** en annað verður óbreytt þ.e. 0,625% fyrir hesthús og 1,32% fyrir opinberar stofnanir.
- Lóðaleiga sem hlutfall af fasteignamati lóðar nemur 0,5% fyrir íbúðarhúsnæði og 2,8% fyrir annað húsnæði.
- Fasteignamatstofn nam 310 ma. kr. árið 2018 og mun hækka um 18,1% árið 2019 í 367 ma. kr.
- Í áætlun er gert ráð fyrir um 1% aukningu á nýju húsnæði á ári.
- Á árinu 2019 er gert ráð fyrir að fasteignamat haldi áfram að hækka umfram verðlag og hækki um 3% frá fyrra ári auk aukningar vegna nýbygginga um 0,8% eða samtals um 3,8%. Á árunum 2020 og 2021 er áætlað að hægi á hækkunum og þær verði 2% fyrir árin 2021 og 2022.
- Fráveitugjald lækkar úr 209,75 í 224,43 kr. pr. fermetra árið 2019.
- Vatnsgjald lækkar úr 133,30 í 137,90 kr. pr. fermetra árið 2019.
- Sorphreinsunargjald er óbreytt milli ára, 38.643 kr. á íbúð.

Fasteignamatstofn árið 2019 (m.kr.)



- A-flokkur fasteignamat, íbúðarhúsnæði
- B-flokkur fasteignamat, opinbert húsnæði
- C-flokkur fasteignamat, atvinnuhúsnæði

Álagningar- stofn (m.kr.)	A-flokkur fasteignamat, íbúðarhúsnæði	B-flokkur fasteignamat, opinbert húsnæði	C-flokkur fasteignamat, atvinnuhúsnæði
2019	281.900	26.100	58.800
2018	233.100	24.300	53.000
2017	204.750	23.215	49.265
2016	187.803	22.339	45.358
2015	176.074	21.794	40.173

Forsendur áætlunar

Gjöld

Laun, launatengd gjöld, persónu- og orlofsuppbót

- Laun og launatengd gjöld eru áætluð miðað við gildandi kjarasamninga og lög. Launaáætlunin var unnin af stjórnendum í launaáætlunarhluta SAP launakerfisins, Listasmiðju.
- Launakostnaður er áætlaður út frá stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Í áætlun er gert ráð fyrir öllum þekktum breytingum á kjarasamningum sem verða á árinu 2019.

Nefndarlaun

- Nefndarlaun nema skilgreindum hundraðshluta af viðmiðunarlaunum sbr. reglur um laun bæjarfulltrúa og nefndarfólks.
- Viðmiðunarfjárhæðin tekur mið af launavísitölu og breytist 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Annar starfsmannakostnaður

Viðmið um áætlaðan annan starfsmannakostnað nemur 11.000 kr. á hvern starfsmann. Stöðugildi A- og B-hluta eru áætluð að meðaltali 1.684 á árinu 2019.

Áætluð stöðugildi að meðaltali árið 2019




A-hluti: 1.351



B-hluti: 333

Þróun launavísitölu





Gjöld

Rafmagn og hiti

- Norðurorka þjónustar heimili og atvinnulíf á Akureyri með rafmagn og hita.

Tryggingaiðgjöld

- Tryggingaiðgjöld eru uppreiknuð um 2,9% á milli ára og taka tillit til magnaukningar þar sem hún er.

Afskriftir

- Fasteignir og lóðir: 2,5%-4%
- Veitukerfi: 4%
- Vélar og tæki: 7%-33%
- Leigðar eignir: 4%-13%

Vörukaup, aðkeypt þjónusta og viðhaldsliðir, ótalið áður

- Reiknað er með 2,9% hækkun á verðlagi á milli ára.
- Aðkeypt ræsting tekur mið af þeim samningum sem eru í gildi. Áætlaðar hækkanir eru 2,9% milli áranna 2018 og 2019.

Annar rekstrarkostnaður

- Áætlað er að annar rekstrarkostnaður hækki um 2,9% milli ára.

Rekstrarkostnaður 2020-2022

- Áætlunartímabilið 2020-2022 er á föstu verðlagi en þó er tekið tillit til rekstrarkostnaðar sem fylgir nýframkvæmdum sem og fyrirsjáanlegri aukningu á rekstrarútgjöldum.




Gjöld

Vísitala neysluverðs

- Vísitala til verðtryggingar er 459,4 stig í lok árs 2018 og gert er ráð fyrir að hún verði orðin 476 stig í árslok 2019.
- Meðalvísitala innan ársins 2019 er áætluð 468 stig en er 452,2 stig árið 2018.
- Vísitala neysluverðs hefur áhrif á fjármagnsliði og húsaleigu í áætlun.
- Áætlunartímabilið 2020-2022 er á föstu verðlagi.

Vísitala neysluverðs til verðtryggingar



Heimild: Hagstofa Íslands

Gjöld

Húsaleiga Fasteigna Akureyrarbæjar

- Umhverfis- og mannvirkjasvið annast rekstur, nýbyggingar og kaup og sölu fasteigna. Viðmiðunarleiga samanstendur af stofnverði eða raunkostnaði fjárfestingar, vaxtakjörum sveitarfélagsins, afskriftum, sköttum og tryggingum, viðhaldi húsa og lóða sem er 1% - 4% af stofnverði sem og umsýslukostnaði sem er 0,5% af stofnverði.
- Húsaleiga framreiknast samkvæmt vísitölu neysluverðs.
- Áætlaðar tekjur Fasteigna Akureyrar árið 2019 eru 3.548 m.kr.



Inngangur

Forsendur áætlunar


Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit


Framkvæmdir



Rekstrarniðurstaða A- og B hluta (m.kr.)




Tekjur A- og B-hluta 2019



- Skatttekjur
- Framlög jöfnunarsjóðs
- Aðrar tekjur

Gjöld A- og B-hluta 2019




- Laun og launatengd gjöld
- Annar rekstrarkostnaður
- Afskriftir


Rekstrarniðurstaða

- Árið 2019 er gert ráð fyrir 2.312 m.kr. afgangi fyrir fjármagnsliði og rekstrarniðurstaða áætluð 660 m.kr. í afgang
- Gert er ráð fyrir sambærilegri afkomu til ársins 2022.
- Heildareignir A- og B-hluta árið 2019 eru áætlaðar um 51.963 m.kr. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 31.122 m.kr. og eigið fé 20.841 m.kr.
- Tekjur A- og B-hluta eru áætlaðar 26.517 m.kr. árið 2019 og skiptast í skatttekjur sem eru 45,8% af heildartekjum, framlög frá Jöfnunarsjóði 13,6% og aðrar tekjur 40,6%.
- Gjöld A- og B-hluta eru áætluð 24.205 m.kr. Laun og launatengd gjöld nema 62,5% af heildargjöldum, annar rekstrarkostnaður 30,4% og afskriftir 7,1%.

A- og B-hluti (Þúsund kr. á hvern íbúa)



Skipting tekna A- og B-hluti 2019 (þ.kr.)




■ Skatttekjur og jöfnunarsjóður ■ Þjónustutekjur og aðrar tekjur

Tekjur og gjöld á hvern íbúa


- Tekjur og gjöld á hvern íbúa eru áætluð fremur stöðug á spátímabilinu.
- Árið 2019 er áætlað að tekjur aukist um 7,4% og gjöld um 5%.
- Áætlað er að skatttekjur og jöfnunarsjóður aukist úr 774 þ.kr. á hvern íbúa árið 2018 í 821 þ.kr. árið 2019 og þjónustutekjur og aðrar tekjur úr 528 þ.kr. á hvern íbúa í 561 þ.kr.
- Skatttekjur og Jöfnunarsjóður eru 59,4% af heildartekjum og þjónustutekjur og aðrar tekjur eru 40,6%.



Veltufé frá rekstri % af tekjum, A-og B-hluti (m.kr.)



Veltufé frá rekstri og fjárfestingar A- og B-hluta, % af tekjum




Veltufé frá rekstri

- Sterkt veltufé frá rekstri er forsenda þess að greiða megi niður skuldir samstæðu í samræmi við skuldareglu sveitastjórnalaga frá árinu 2012 og að unnt sé að sinna fjárfestingapörf samstæðunnar á sama tíma.
- Áætlað er að veltufé frá rekstri verði svipað á áætlunartímabilinu og verði um 12% af tekjum.
- Á árinu 2019 er áætlað að veltufé frá rekstri verði 3.260 m.kr. eða 12,3% af heildartekjum.
- Brúttó fjárfestingar hafa verið rétt undir veltufé frá rekstri og því lítið rými sem myndast hefur til niðurgreiðslu skulda. Svigrúm minnkar enn meira árin 2018-2019 vegna aukinna fjárfestinga, en leitar svo jafnvægis.



Afborganir langtímaskulda A-og B-hluta (m.kr.)



Staða lántöku A- og B-hluta 2019-2022



Ný langtímalán: 6.700 m.kr




Afborganir langtímalána: 3.448 m.kr

Afborganir langtímaskulda


- Á árinu 2018 hækkar lántaka í A- hluta vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum og í B-hluta vegna endurfjármögnunar eingreiðsluláns Norðurorku.
- Gert er ráð fyrir sambærilegu veltufé frá rekstri út áætlunartímann og afborganir langtímalána hækki.
- Afborganir langtímalána hafa verið umfram lántökur 2015-2017. Á árunum 2018-2022 er gert ráð fyrir auknum lántökum samhliða auknum fjárfestingum.



Skuldahlutfall



Fjárfestingar A- og B-hluta (m.kr.)



Skuldahlutfall

- Skuldaregla (skuldviðmið) sveitastjórnalaga nr. 138/2011 kveður á um að heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu séu ekki hærri en 150% af reglulegum tekjum.
- Frá skuldahlutfalli er heimilt að undanskilja nánar tilgreindar skuldir og skuldbindingar sbr. 64. gr. laganna og er skuldaviðmið því nokkru lægra en skuldahlutfallið.
- Skuldahlutfallið var 107% 2017 en skuldahlutfallið skv. viðmiði var 95%.
- Skuldahlutfall ársins 2019 er áætlað 117,4%.

Fjárfestingar

- Gert er ráð fyrir 3,9 ma kr. fjárfestingum 2019, talsvert minna en 2018.



Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi

Yfirlit: A- og B-hluti m.kr.	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Rekstrarreikningur							
Tekjur	22.535	23.921	24.693	26.517	26.766	27.050	27.382
Gjöld	21.781	22.470	23.047	24.205	24.559	24.761	25.151
Fjármagnsniðurstaða	-796	-833	-1.280	-1.583	-892	-896	-897
Tekjuskattur	-39	-61	-76	-69	-83	-86	-88
Rekstrarniðurstaða	-80	557	290	660	1.232	1.306	1.247
Efnahagsreikningur							
Eignir	42.556	45.418	48.780	51.963	53.845	56.015	57.592
Eigið fé	18.578	19.895	20.183	20.841	22.071	23.375	24.589
Skuldir og skuldbindingar	23.910	25.523	28.597	31.122	31.774	32.640	33.003
Sjóðstreymi							
Veltufé frá rekstri	2.639	3.018	2.474	3.260	3.124	3.247	3.253



Heildarfjöldi stöðugilda hjá Akureyrarbæ

	Raun 2014	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019
102 Félagsþjónusta	297	297	297	289	305	342
104 Fræðslumál	669	672	674	679	698	714
105 Menningarmál	28	29	28	28	28	25
106 Íþrótt- og tómstundamál	104	105	97	101	104	113
107 Slökkvilið	29	28	27	31	27	30
108 Hreinlætismál	1	1	1	1	1	1
109 Skipulagsdeild	8	7	7	8	7	9
110 Umferðar- og samgöngumál	8	8	8	8	17	19
111 Umhverfismál	5	4	5	4	4	5
113 Akureyrarstofa og fl.	7	8	8	7	7	8
121 Stjórnsýsla	45	46	46	43	46	49
Samtals Aðalsjóður	1.201	1.206	1.199	1.199	1.245	1.314
131 Fasteignir	9	8	8	0	0	
Framkvæmdamiðstöð						
133 Akureyrarbæjar	34	37	35	41	35	37
Samtals A-hluti	1.244	1.251	1.242	1.240	1.281	1.351
143 Félagslegar íbúðir	1	1	1	1	1	1
145 Rekstur strætisvagna	16	16	17	16	18	18
147 Bifreiðastæðasjóður	1	1	1	1	0	1
149 Hafnasamlag Norðurlands	11	11	12	13	14	15
177 Öldrunarheimili Akureyrarbæjar	214	224	221	219	216	226
181 Heilbrigðiseftirlit	4	4	4	4	4	4
- Norðurorka	63	63	66	66	66	68
Samtals B-hluti	309	319	321	319	318	333
Samtals A og B	1.553	1.570	1.563	1.559	1.599	1.684



Inngangur

Forsendur áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir

Málaflokkayfirlit




Samantekið málaflokkayfirlit 2019-2022

m.kr.	2019		2020		2021		2022	
	Tekjur	Rekstrar- niðurstaða	Tekjur	Rekstrar- niðurstaða	Tekjur	Rekstrar- niðurstaða	Tekjur	Rekstrar- niðurstaða
Aðalsjóður	20.579	-513	20.826	-693	21.041	-742	21.307	-821
Aðrir sjóðir í A-hluta*	-751	578	-768	1.146	-748	1.248	-717	1.284
A-hluti samtals	19.828	64	20.058	453	20.293	506	20.590	463
Sjóðir í B-hluta	6.689	596	6.709	779	6.757	801	6.793	785
A- og B-hluti samtals	26.517	660	26.766	1.232	27.050	1.306	27.382	1.247

*Aðrir sjóðir í A-hluta eftir millideildarfærslur vegna viðskipta við Aðalsjóð

Tekjur Aðalsjóðs 2019



Málaflokkayfirlit

- Aðalsjóður er fjármagnaður að mestu með skatttekjum og þjónustutekjum og annast reglubundinn rekstur málaflokka.
- Áætlað er að rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs verði neikvæð um 513 m.kr. árið 2019 og komi til með að verða neikvæð um 821 m.kr árið 2022.
- Tekjur Aðalsjóðs eru áætlaðar 20.579 m.kr. árið 2019. Skatttekjur samanstanda af útsvari og fasteignaskatti og nema 12.615 m.kr., framlög úr Jöfnunarsjóði nema 3.602 m.kr, lóðaleiga er áætluð 460 m.kr. og aðrar tekjur 3.902 m.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur Aðalsjóðs vaxi í kringum 1% að meðaltali á ári út áætlunartímann á föstu verðlagi.
- Tekjur A- og B-hluta eru áætlaðar 26.517 m.kr árið 2019. Reiknað er með að þær vaxi um 0,9% árið 2020, um 1% árið 2021 og um 1,2% árið 2022.
- Rekstrargjöld án fjármagnsliða A- og B-hluta saman eru áætluð 24.205 m.kr. og þar af eru laun og launatengd gjöld alls 15.131 m.kr.

Málaflokkayfirlit



Aðalsjóður málaflokkayfirlit 2019-2022

m.kr.	2019		2020		2021		2022	
	Rekstrar- Tekjur niðurstaða		Rekstrar- Tekjur niðurstaða		Rekstrar- Tekjur niðurstaða		Rekstrar- Tekjur niðurstaða	
Skatttekjur	16.677	16.677	16.924	16.924	17.139	17.139	17.355	17.355
Félagsþjónusta	886	-3.919	886	-3.989	886	-4.161	886	-4.161
Heilbrigðismál	0	-25	0	-25	0	-25	0	-25
Fræðslu- og uppeldismál	846	-7.479	846	-7.503	846	-7.511	896	-7.721
Menningarmál	244	-899	244	-902	244	-902	244	-902
Æskulýðs- og íþróttamál	724	-2.183	724	-2.247	724	-2.267	724	-2.289
Brunamál og almannavarnir	266	-250	266	-250	266	-250	266	-250
Hreinlætismál	354	-23	354	-23	354	-23	354	-23
Skipulags- og byggingamál	35	-141	35	-141	35	-141	35	-141
Umferðar- og samgöngumál	224	-894	224	-961	224	-988	224	-1.013
Umhverfismál	20	-339	20	-339	20	-339	20	-339
Atvinnumál	26	-207	26	-211	26	-211	26	-211
Framlög til B-hluta fyrirtækja	0	0	0	0	0	0	0	0
Sameiginlegur kostnaður	277	-876	277	-876	277	-876	277	-876
Lífeyrisskuldbindingar	0	-530	0	-530	0	-530	0	-530
Óvenjulegir liðir	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjármagnsliðir	0	575	0	380	0	343	0	305
	20.579	-513	20.826	-693	21.041	-742	21.307	-821



Áætlun
stöðugildi árið
2019: 342


Félagsþjónusta

m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
102	Félagsþjónusta	3.350	3.338	3.335	3.720	3.919
102-0	Sameiginlegir liðir	265	294	241	277	304
102-1	Félagsleg aðstoð	335	350	215	246	270
102-3	Þjónusta við börn og unglinga	50	62	75	96	110
102-4	Þjónusta við aldraða	434	504	403	434	397
102-5	Þjónusta við fatlaða	1.885	1.785	2.036	2.231	2.380
102-6	Ýmis félagsþjónusta	340	301	345	409	432
102-7	Ýmis lögbundin framlög	22	23	2	3	3
102-8	Ýmsir styrkir og framlög	18	20	19	25	24

Fjárhagsaðstoð

m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Fjárhagsaðstoð	145	145	120	144	149
Fjöldi skjólstæðinga	363	359	340	285	n/a

Félagsþjónusta - Áætlun 2019 (m.kr.)



Félagsþjónusta

Almennt

- Útgjöld til málaflokksins aukast um 198 milljónir króna milli ára eða um 5,3%
- Hlutfall af skattekjum 23,5%
- Áætluðum stöðugildum fjölgar um 37 á milli ára

Helstu mál og áherslur 2019

- Bygging þjónustukjarna við Klettaborg fyrir fatlað fólk með mikla stuðningsþörf
- Fjölgun félagslegra íbúða
- Stofnstyrkir vegna almennra leiguíbúða
- Sérstök úrræði fyrir fatlað fólk
- Aukin heimaþjónusta vegna aukinna þarfa
- Fjölgun NPA samninga
- Aukin þjónusta í barnavernd
- Margvísleg þróunarverkefni




Fræðslu- og uppeldismál

m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
104	Fræðslu- og uppeldismál	5.988	6.282	6.735	7.274	7.479
104-0	Sameiginlegur kostnaður	108	112	186	217	224
104-1	Leikskólar og dagvistun	1.848	1.966	1.929	2.107	2.201
104-2	Grunnskólar	3.669	3.837	4.213	4.513	4.622
104-4	Framhaldsskólar	101	103	106	110	114
104-5	Önnur fræðslustarfsemi	251	251	290	318	308
104-8	Ýmsir styrkir og framlög	12	13	11	10	10



Áætlun
stöðugildi árið
2019: 714

Fræðslu- og uppeldismál - Áætlun 2019
(m.kr.)



Málaflokkayfirlit



Grunnskólar

m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Tekjur	-305	-350	-344	-305	-319
Laun og launatengd gjöld	2.730	2.912	3.227	3.453	3.509
Vörukaup	218	230	263	264	279
Þjónustukaup	1.036	1.044	1.067	1.101	1.152
Rekstur grunnskóla	3.679	3.837	4.213	4.513	4.622

	Fjöldi nemenda		Fjöldi kennslustunda		Rekstrarkostnaður (m.kr.)
	Vor 2019	Haut 2019	Vor 2019	Haut 2019	2019
Brekkuskóli	506	500	1.151	1.125	736
Oddeyrarskóli	192	182	558	538	387
Glerárskóli	328	353	804	847	512
Lundarskóli	492	469	1.026	988	608
Síðuskóli	374	376	1.122	1.119	690
Giljaskóli	393	382	1.055	1.050	668
Naustaskóli	399	395	899	901	666
Hríseyjarskóli	13	13	65	65	47
Grímseyjarskóli	3	2	47	47	37
Hlíðarskóli	20	20	153	153	122
Geymt		2	16	24	
Sameiginlegur kostn.					129
Skólaakstur					18
Samtals	2.720	2.694	6.896	6.857	4.622



Málaflokkayfirlit


Leikskólar og dagvistun

m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Tekjur	-362	-376	-394	-372	-378
Laun og launatengd gjöld	1.400	1.481	1.527	1.633	1.641
Vörukaup	119	117	122	127	127
Þjónustukaup	690	743	674	719	812
Rekstur leikskóla og dagvistunar	1.848	1.966	1.929	2.107	2.201

Tónlistarskólinn á Akureyri

m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Tekjur	-65	-72	-97	-91	-120
Laun og launatengd gjöld	205	213	270	293	317
Vörukaup	5	4	6	3	3
Þjónustukaup	90	88	93	96	99
Rekstur Tónlistarskólans á Akureyri	234	233	272	301	299

Rekstrarkostnaður grunnskóla, leikskóla og dagvistunar og Tónlistaskólans á Akureyri - Áætlun 2019 (m.kr.)



Fræðslu- og uppeldismál

Almennt

- Útgjöld til málaflokksins aukast um 205 milljónir króna milli ára eða um 2,8%
- Hlutfall af skatttekjum 44,85%
- Stöðugildum fjölgar um 15 á milli ára

Helstu mál og áherslur 2019

- Innleiða nýja og metnaðarfulla skólastefnu
- Brúa bil milli fæðingarorlofs og leikskóla
- Færa ráðgjöf og stoðþjónustu í auknum mæli inn í leik- og grunnskóla
- Styrkja endur- og símenntun dagforeldra
- Vinna að samfellu í skóla- og frístundastarfi
- Auka sjálfstæði skóla
- Hefja byggingu leikskóla við Glerárskóla
- Hefja undirbúning að nýjum leikskóla
- Gjaldskrá leikskóla og dagvistunar hækkar um 3%




Menningarmál

m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
105 Menningarmál	725	801	730	806	899
105-0 Sameiginlegur kostnaður	-138	-168	-172	-195	-200
105-2 Bókasöfn	164	177	180	184	193
105-3 Önnur söfn	117	118	120	138	130
105-4 Byggðasaga	1	1	0	0	0
105-5 Ýmis lista- og menningarstarfsemi	274	299	282	330	202
105-6 Menningarhús	278	349	290	320	533
105-7 Hátíðahöld	7	9	9	8	14
105-8 Ýmsir styrkir og framlög	22	17	22	21	27



**Áætluð
stöðugildi árið
2019: 25**

Menningarmál - Áætlun 2019



Menningarmál

Almennt

- Útgjöld til málaflokksins aukast um 92 milljónir króna milli ára eða um 11,4%
- Hlutfall af skatttekjum 5,4%
- Stöðugildum fækkar um 3 milli ára

Helstu mál og áherslur 2019

- Hækkun framlags til MAK skv. samningi
- Menningarsjóður efldur
- Gerð menningar- og safnastefnu
- Skapandi sumarstörfum fjölgað
- Barnamenningarhátíð






Áætlun
stöðugildi árið
2019: 113

Æskulýðs- og íþróttamál

m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
106	Æskulýðs- og íþróttamál	1.833	1.851	1.936	2.054	2.183
106-0	Sameiginlegur kostnaður	70	78	86	98	102
106-1	Leikvelli	13	14	37	19	22
106-2	Æskulýðsmál	113	108	117	119	99
106-3	Félagsmiðstöðvar	101	115	128	140	162
106-5	Íþróttahús og sundlaugar	948	970	1.024	1.064	1.085
106-6	Íþróttasvæði	166	122	126	101	108
106-8	Ýmsir styrkir og framlög	421	441	418	514	605

Æskulýðs- og íþróttamál - Áætlun 2019 (m.kr.)






Sundlaug Akureyrar

m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Rekstrarkostnaður	196	190	189	258	245

Hlíðarfjall


m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Tekjur	-159	-195	-199	-235	-240
Laun og launatengd gjöld	134	126	137	157	167
Vörukaup	37	33	41	42	42
Þjónustukaup	129	135	124	114	117
Rekstrarkostnaður samtals	141	99	104	77	86

Rekstrarkostnaður Sundlaugar Akureyrar (m.kr.)



Raun 2015 Raun 2016 Raun 2017 Áætlun 2018 Áætlun 2019

Rekstrarkostnaður Hlíðarfjalls - Áætlun 2019 (m.kr.)



Hlíðarfjall

Æskulýðs- og íþróttamál

Almennt

- Útgjöld til málaflokksins aukast um 129 milljónir króna milli ára eða um 6,3%
- Hlutfall af skatttekjum 13,1%
- Stöðugildum fjölgar um 9 á milli ára

Helstu mál og áherslur 2019

- Vinna að samfelli í skóla- og frístundastarfi
- Innleiðing barnasáttmálans
- Aukið forvarnarstarf
- Nýir rekstrar- og þjónustusamningar við íþróttafélögin
- Frístundastyrkir hækkaðir í 35 þúsund krónur
- Endurnýjun á gólfi og hljóðbúnaði í íþróttahúsi Glerárskóla
- Stefnumörkun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja
- Ný skíðalyfta í Hlíðarfjalli
- Nýr snjótroðari í Hlíðarfjalli



Málaflokkayfirlit




Brunamál og almannavarnir

m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
107	Brunamál og almannavarnir	251	262	235	258	250



Áætlun
stöðugildi árið
2019: 30

Slökkviliðið á Akureyri - Fjöldi útkalla



Almennt

- Útgjöld til málaflokksins dragast saman um 8,6 milljónir króna á milli ára eða um 3,3%
- Hlutfall af skatttekjum 1,5%
- Stöðugildum fjölgar um 2 á milli ára




Hreinlætismál

m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
108	Hreinlætismál	15	1	28	23	23



Áætluð
stöðugildi árið
2019: 1

Lífrænn úrgangur og sorp frá heimilum á Akureyri í tonnum



Almennt

- Útgjöld til málaflokksins hækka um 600 þúsund krónur milli ára.
- Hlutfall af skatttekjum 0,1%
- Stöðugildi eru óbreytt á milli ára



Skipulagsmál

m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
109	Skipulags- og byggingamál	115	112	139	166	141

Áætlun
stöðugildi árið
2019: 9

Almennt

- Útgjöld til málaflokksins dragast saman um 24,7 milljónir króna á milli ára. Ástæðan er sú að í áætlun 2018 eru kaup á húsi vegna skipulags til niðurrifs fyrir 34 m.kr.
- Hlutfall af skatttekjum 0,85%
- Stöðugildum fjölgar um 1 milli ára

Helstu mál og áherslur 2019

- Ljúka deiliskipulagi Holtahverfis
- Hefja deiliskipulag vestan Borgarbrautar
- Endurskoðun deiliskipulags Krossaneshaga
- Uppbygging miðbæjar






**Áætluð
stöðugildi árið
2019: 19**

Umferðar- og samgöngumál

m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
110	Umferðar- og samgöngumál	718	730	795	856	894
	Stjórn og verkfr.legur					
110-0	undirbúningur	83	90	95	53	49
110-2	Vatnsveita	-1	0	-1	0	-2
110-3	Viðhald og rekstur gatna gangbr., hjólr.stígar og	238	268	321	365	406
110-4	reiðvegir	3	5	20	16	21
110-5	Umferðarmál	89	74	83	117	126
110-6	Snjómokstur og hálfuvarnir	143	110	94	109	97
110-7	Samgöngumál	164	183	183	197	198

Umferðar- og samgöngumál - Áætlun 2019 (m.kr.)

- Annað
- Viðhald og rekstur gatnakerfis
- Umferðarmál
- Snjómokstur og hálfuvarnir
- Samgöngumál



Almennt

- Útgjöld til málaflokksins aukast um 38 milljónir króna milli ára eða um 4,5%
- Hlutfall af skatttekjum 5,4%
- Stöðugildum fjölga um 2 milli ára

Helstu áherslur og mál 2019

- Aukið fjármagn til gatnalýsingar

Umhverfismál


m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
111 Umhverfismál	256	266	293	368	339
111-0 Sameiginlegur kostnaður	6	6	1	12	3
111-2 Almenningsgarðar	46	46	48	50	52
111-3 Útivistarsvæði	26	36	39	33	40
111-4 Opin svæði	137	136	160	206	177
111-5 Umhverfi gatna og torg	32	33	37	58	58
111-6 Skreytingar	10	8	8	9	9



Áætluð
stöðugildi árið
2019: 5

Umhverfismál - Áætlun 2019 (m.kr.)

- Annað
- Almenningsgarðar
- Útivistarsvæði
- Opin svæði
- Umhverfi gatna og torg



Umhverfismál

Almennt

- Útgjöld til málaflokksins dragast saman um 29 milljónir króna milli ára eða um 7,9% sem skýrist m.a. af sérstakri 54 m.kr. fjárveitingu vegna ofanvatnslagnar við svæði Bílklúbbs Akureyrar árið 2018.
- Hlutfall af skatttekjum 2%
- Stöðugildum fjölgar um 1 milli ára

Helstu mál og áherslur 2019

- Aukið framlag til fegrunar og hirðingu opinna svæða
- Aukin stuðningur við starfsemi Vistorku
- Áhersla lögð á að draga úr plastnotkun og svifryksmengun
- Nýr umhverfisvænn strætó
- Unnið að framtíðarsýn í sorpmálum






**Áætluð
stöðugildi árið
2019: 8**

Atvinnumál

m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
113	Atvinnumál	155	175	195	205	207
113-0	Sameiginlegur kostnaður	72	87	86	95	94
113-2	Landbúnaður	1	1	1	1	1
113-6	Ferðamál	40	43	51	60	55
113-8	Ýmsir styrkir og framlög	42	44	58	49	57

Atvinnumál - Áætlun 2019 (m.kr.)



Atvinnumál

Almennt

- Útgjöld til málaflokksins aukast um 2,7 milljónir króna milli ára eða um 1,3%
- Hlutfall af skatttekjum 1,2%
- Stöðugildum fjölgar um 1 á milli ára

Helstu mál og áherslur 2019

- Aukin áhersla á kynningarstarfsemi
- Fylgja eftir uppbyggingu Akureyrarflugvallar
- Stutt við verkefnið Brotthættar byggðir
- Sameining stöðstofnana atvinnuþróunar og landshlutasamtaka




**Áætluð
stöðugildi árið
2019: 49**

Sameiginlegur kostnaður

m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
121	Sameiginlegur kostnaður	624	671	771	871	876
121-0	Meðferð sveitarstjórnarmála	-22	5	-4	10	-7
121-1	Kosningar	0	-4	-2	10	0
121-3	Sérstök útgjöld	1	10	9	5	5
121-4	Skrifstofur sveitarfélagsins, risna, móttökur og	561	594	681	723	757
121-5	kynningarmál	15	18	16	22	18
121-6	Starfsmannakostnaður	61	40	62	73	90
121-7	Samstarf sveitarfélaga	6	6	6	17	8
121-8	Ýmsir styrkir og framlög	2	2	4	10	5

Sameiginlegur kostnaður - Áætlun 2019 (m.kr.)



Almennt

- Útgjöld til málaflokksins aukast um 5 milljónir króna milli ára eða um 0,6%
- Hlutfall af skatttekjum 5,3%
- Stöðugildum fjölgar um 3 á milli ára

Helstu mál og áherslur 2019

- Aukin áhersla á upplýsingagjöf til íbúa
- Aukin áhersla á íbúalýðræði
- Aukin áhersla á rafræna þjónustu
- Sérstök framlög til Hríseyjar og Grímseyjar

Lífeyrisskuldbindingar

m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
122	Lífeyrisskuldbindingar	476	1.140	1.566	400	530

Fjármagnsliðir

m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
128	Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld	-834	-963	-757	-712	-575





Aðrir sjóðir í A-hluta 2019-2022

m.kr.	2019		2020		2021		2022	
	Rekstrar- Tekjur niðurstaða		Rekstrar- Tekjur niðurstaða		Rekstrar- Tekjur niðurstaða		Rekstrar- Tekjur niðurstaða	
Eignasjóður gatna o.fl.	339	65	383	87	419	87	455	100
Fasteignir Akureyrarbæjar	3.549	497	3.450	1.046	3.500	1.148	3.500	1.170
Framkvæmdamiðstöð Akureyrarb.	622	15	622	13	622	13	622	15
Millifærslur A-hluta	-5.261	0	-5.224	0	-5.290	0	-5.295	0
Samtals aðrir sjóðir í A-hluta	-751	578	-768	1.146	-748	1.248	-717	1.284



Aðrir sjóðir í A-hluta

Fasteignir Akureyrarbæjar

m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
131 Fasteignir Akureyrarbæjar	-660	-679	-631	-465	-497
131-1 Rekstur fasteigna	-1.926	-1.963	-1.960	-2.039	-2.181
131-2 Tæki og búnaður	124	121	149	163	163
131-7 Yfirstjórn	84	95	108	110	115
131-8 Fjármunatekjur og fjármunagjöld	1.058	1.068	1.073	1.302	1.406



Stöðugildi árið
2019: 0

Framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar

m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
133 Framkvæmdamiðstöð					
133 Akureyrarbæjar	-3	1	-38	5	-15
133-1 Áhaldahús og launareikningar	6	-12	-32	8	-21
133-2 Bifreiðar og tæki	-14	-7	-16	-8	-7
133-3 Aðrar rekstrardeildir	-13	2	-7	-1	-8
133-7 Yfirstjórn	12	11	10		14
133-8 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	5	7	8	6	6




Stöðugildi árið
2019: 37



Viðhald fasteigna

m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Leikskólar	31	45	58	50	60
Skólar	58	133	141	95	95
Menningarstofnanir	22	26	69	42	50
Íþróttamannvirki	102	93	86	100	85
Öldrunarstofnanir	41	53	53	50	45
Húsnæði fatlaðra	10	4	3	5	5
Skrifstofu- og þjónustustofnanir	7	16	18	20	20
Aðrar húseignir	11	11	9	20	20
Viðhald fasteigna	282	381	377	382	380

Viðhald fasteigna - Áætlun 2019 (m.kr.)



Málaflokkayfirlit



Sjóðir í B-hluta 2019-2022

m.kr.	2019		2020		2021		2022	
	Tekjur	Rekstrar- niðurstaða	Tekjur	Rekstrar- niðurstaða	Tekjur	Rekstrar- niðurstaða	Tekjur	Rekstrar- niðurstaða
Bífreiðastæðasjóður Akureyrar	36	2	34	-1	53	18	53	18
Byggingasjóður Náttúrufræðist.	0	0	0	0	0	0	0	0
Félagslegar íbúðir	455	-42	455	38	455	30	455	23
Framkvæmdasjóður Akureyrar	0	-4	0	-4	0	-4	0	-4
	0		0		0		0	
Gjafasjóður ÖA	1	-9	1	-9	1	1	1	1
Hafnasamlag Norðurlands	757	286	757	274	757	256	757	239
Heilsugæslustöðin á Akureyri	0	-2	0	-2	0	-2	0	-2
Norðurorka hf.	3.901	456	3.944	572	3.988	590	4.034	597
Strætisvagnar Akureyrar	56	1	56	7	56	8	56	8
Öldrunarheimili Akureyrarb.	2.564	0	2.564	-2	2.564	-2	2.564	-2
Millifærslur B-hluta	-1.080	-93	-1.101	-93	-1.116	-93	-1.126	-93
Samtals sjóðir í B-hluta	6.689	596	6.709	779	6.757	801	6.793	785

Félagslegar íbúðir



Heildarstöðugildi
árið 2019: 1


m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
143	Rekstrartekjur	380	404	417	432	455
	Laun og launatengd gjöld	15	21	38	9	9
	Vörukaup	4	3	3	3	3
	Þjónustukaup	93	90	92	80	68
	Viðhald	91	105	96	100	129
	Skattar og opinber gjöld	39	43	47	49	59
	Afskriftir	59	69	66	67	76
	Fjármagnstekjur og gjöld	76	96	90	120	154
	Rekstrarniðurstaða	4	-22	14	-4	42





**Heildarstöðugildi
árið 2018: 15**

m.kr.		Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
149	Rekstrartekjur	483	553	656	627	757
	Laun og launatengd gjöld	146	187	208	207	266
	Annar rekstarkostnaður	117	121	153	144	162
	Afskriftir	49	56	54	71	71
	Fjármagnstekjur og gjöld	12	8	4	7	11
	Rekstrarniðurstaða	-159	-182	-238	-198	-246





Heildarstöðugildi
árið 2019: 226

m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
177 Öldrunarheimili Akureyrarbæjar	324	14	-461	0	0
177-0 Rekstrartekjur	-2.019	-2.475	-2.466	-2.609	-2.662
177-1 Dvalarheimili	34	33	26	26	29
177-2 Hjúkrunarheimili	2.124	2.259	1.779	2.378	2.303
177-4 Félagsstarf	129	133	135	143	261
177-7 Yfirstjórn	57	58	61	60	67
177-8 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-3	7	2	2	2

Öldrunarheimili Akureyrar - Áætlun 2019 (m.kr.)





Heildarstöðugildi
árið 2019: 68

m.kr.	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Rekstrartekjur	3.276	3.394	3.529	3.663	3.901
Laun og launatengd gjöld	461	538	573	596	632
Annar rekstarkostnaður	1.419	1.590	1.746	1.763	1.843
Afskriftir	453	620	470	503	628
Fjármagnstekjur og gjöld	-648	237	243	308	343
Rekstrarniðurstaða	1.591	409	497	493	456





Inngangur

Forsendur áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



Framkvæmdayfirlit

m.kr.	2019
Félagsþjónusta	26
Fræðslu- og uppeldismál	288
Menningarmál	30
Æskulýðs- og íþróttamál	145
Umferðar- og samgöngumál	15
Sameiginlegur kostnaður	125

Aðalsjóður 629

Framkvæmdamiðstöð Akureyrar	40
Eignasjóður gatna o.fl.	666

Sveitasjóður A-hluti 1.335

Félagslegar íbúðir	370
Strætisvagnar Akureyrar	66
Bifreiðastæðasjóður Akureyrar	10
Hafnasamlag Norðurlands	273
Norðurorka	1.842


Fyrirtæki B-hluta 2.561

Samantekinn A og B hluti 3.896

Framkvæmdir

- Á árinu 2019 er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 3.896 m.kr. og heimild til lántöku að fjárhæð 2.360 m.kr. sbr. sjóðstreymisyfirlit.
- Á áætlunartímabilinu öllu er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 14.186 m.kr.


Framkvæmdayfirlit A- og B-hluti (m.kr.)





Framkvæmdaáætlun Aðalsjóðs 2019 (m.kr.)

- Félagsþjónusta
- Fræðslu- og uppeldismál
- Menningarmál
- Æskulýðs- og íþróttamál
- Umferðar- og samgöngumál
- Sameiginlegur kostnaður




Framkvæmdir

- Til félagsþjónustu er áætlaðar 26 m.kr. vegna endurbóta á öldrunarheimilum.
- Til fræðslu- og uppeldismála eru áætlaðar 288 m.kr. vegna endurnýjunar á gúmmíkurli á sparkvöllum ásamt framkvæmdum í Glerárskóla, bæði grunn- og leikskóla, og Lundarskóla.
- Til menningarmála eru áætlaðar 30 m.kr. vegna frágangs utanhúss við Listasafnið.
- Til æskulýðs- og íþróttamála eru áætlaðar 145 m.kr. og af þeim eru 105 m.kr. áætlaðar í íþróttahús Glerárskóla.
- Sameiginlegur kostnaður er vegna stofnbúnaðar fyrir Aðalsjóð, ráðhús og fleiri endurbætur.
- Til umferðar- og samgöngumála eru áætlaðar 15 m.kr. vegna biðskýlis strætó í miðbæ.



**Framkvæmdaáætlun
aðrir sjóðir í A-hluta 2019 (m.kr.)**




- Framkvæmdamiðstöð Akureyrar
- Eignasjóður gatna o.fl.

Framkvæmdir

- Hjá eignarsjóði gatna eru áætlaðar 666 m.kr. vegna nýbyggingar gatna, malbikun, endurbyggingu og almennt viðhald.
- Tekjur vegna gatnagerðagjalda eru áætlaðar 180 m.kr. Áætlaðar eru 279 m.kr. í nýbyggingu gatna og til endurbyggingar gatna eru áætlaðar 158 m.kr.
- Til malbikunar gatna eru áætlaðar 115 m.kr. og til gangstétta og stíga 149 m.kr. Þar af 50 m.kr. vegna upphaf framvæmda við nýja brú yfir Eyjafjarðará sunnan flugvallar.
- Til umferðaröryggismála eru áætlaðar 35 m. kr., til uppbyggingar á miðbæ 19 m.kr., til ýmissa verka 21 m.kr. og ýmissa tækja og bifreiða í Aðalsjóði eru áætlaðar samtals 70 m.kr., þar af 60 m.kr. vegna snjótroðara í Hlíðarfjalli.



Framkvæmdaáætlun Fyrirtækja B-hluta (m.kr.)



- Félagslegar íbúðir
- Strætisvagnar Akureyrar
- Bifreiðastæðasjóður Akureyrar
- Hafnasamlag Norðurlands
- Norðurorka

Framkvæmdir

- Fyrirtæki B-hluta telja til 66% af framkvæmdum árið 2019. Áætlað er að verja 1.842 m.kr. í framkvæmdir Norðurorku og er það vegna heita- og kaldavatnskerfis, fráveitu, raforkuframleiðslu og fasteigna, jarða, innréttinga og fleira.
- Í félagslegar íbúðir eru áætlaðar 370 m.kr. Til íbúða fyrir fatlað fólk í Klettaborg eru áætlaðar 150 m.kr. og til leiguíbúða 110 m.kr. Stofnframlag til almennra leiguíbúða er áætlað 110 m.kr..
- Hjá Hafnasamlagi Norðurlands eru áætlaðar 273 m.kr. í hafnarframkvæmdir
- Hjá Strætisvögnum Akureyrar eru áætlaðar 66 m.kr. m.a. vegna metan strætisvagns.
- Hjá Bifreiðastæðasjóði Akureyrar eru áætlaðar 10 m.kr. vegna framkvæmda við bílastæði.

